Föstudaginn 23. maí 1980.

Nr. 74/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Markúsi Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Með kæru 19. maí 1980, sem barst Hæstarétti ásamt gögnum máls 20. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og aðallega krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Til vara er þess krafist, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. maí 1980.

Ár 1980, mánudaginn 19. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 18. þ. m. gerði rannsóknarlögregla ríkisins þá kröfu til dómsins, að kærði, Sigurður Markús Sigurðsson, talinn til heimilis að Suðurgötu 16 á Akranesi, fæddur 22. júlí 1961, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til 25. júní nk. Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Tilefni kröfunnar er sem hér segir:

Föstudagskvöldið 16. þ. m. réðst kærði, Sigurður Markús, á pilt

í biðskýli strætisvagnanna við Hlemmtorg, að því er fram hefur komið án tilefnis, og sló hann hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að sögn piltsins, að hann nefbrotnaði.

Skömmu eftir miðnætti 18. þ. m. réðst kærði að ungum pilti í Austurstræti hér í borg í því skyni að taka af honum áfengisflösku. Þegar pilturinn brást til varnar, sló kærði hann í andlitið með þeim afleiðingum, að önnur framtönn hans brotnaði. Kærði kveðst hafa tekið áfengisflöskuna af piltinum og fengið sér að drekka af henni, en síðan fengið hana kunningja piltsins.

Kærði hefur játað fyrir dómi báðar framangreindar líkamsárásir.

Loks hefur maður borið fram kæru á hendur kærða fyrir það, að hann hafi ráðist að sér við Landssímahúsið hér í borg nokkru eftir miðnætti aðfaranótt laugardagsins 17. þ. m. Kvað hann kærða og annan mann hafa komið að sér og heimtað áfengi. Þegar hann neitaði, hafi kærði lagt til sín með hníf eða líku áhaldi. Hefði hann hörfað undan og hnífurinn snert kvið hans með þeim afleiðingum, að þar kom rispa.

Kærði hefur ekki viljað viðurkenna atferli þetta. Hann kveðst ekki muna eftir að hafa hitt kæranda framangreinda nótt.

Þá segir í gæsluvarðhaldsbeiðninni, að rannsóknarlögreglan hafi sent frá sér 44 kærur á hendur kærða til ríkissaksóknara sl. 3 ár vegna innbrota og þjófnaða. Auk þess séu þrjú mál á hendur kærða í lokavinnslu hjá rannsóknarlögreglunni, tvö þjófnaðarmál og ein líkamsárás. Við nánari athugun hefur og komið í ljós, að ríkissaksóknari hefur sent rannsóknarlögreglunni til framhaldsrannsóknar eitt mál vegna þjófnaðar, líkamsárásar og nytjatöku á bifreið.

Fyrir liggur í málinu, að 8 ákærur hafa verið gefnar út á hendur kærða, aðallega vegna innbrota og þjófnaða. en einnig vegna líkamsárása, þ. e. 8. september, 19. september og 8. desember 1977, 17. ágúst, 20. ágúst, 16. október, 29. október og 7. desember 1979. Hefur dómur ekki gengið í málum þessum.

Þegar litið er til ferils kærða, Sigurðar Markúsar Sigurðssonar, verður að telja brýna hættu á því, að hann haldi áfram brotum. Þá er rannsókn í framangreindum málum kærða ekki lokið, og hætta getur verið á, að hann kunni að torvelda rannsóknina, ef hann verður látinn laus. Brot þau, sem kærði er sakaður um, geta varðað fangelsisrefsingu. Þykir með tilvísun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 því bera að taka framangreinda kröfu rannsóknarlögreglunnar til greina og úrskurða kærða í gæsluvarð-

hald til 25. júní nk., enda samrýmist það 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Markús Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi til 25. júní 1980.

Þriðjudaginn 27. maí 1980.

Nr. 26/1980. **Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður f. h. Silvano Burgassi**
gegn
G. Albertsson, útflutningsverzlun og vörumiðlun.

Kröfu um málskostnaðartryggingu fyrir Hæstarétti synjað.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Í máli þessu krefst stefndi þess, að stefnanda, sem á heimili á Ítalíu, verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Að öðrum kosti verði málinu vísað frá Hæstarétti.

Stefnandi krefst þess, að krafa þessi verði ekki tekin til greina og stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í þessum þætti málsins.

Stefndi byggir kröfu sína á ákvæðum 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973.

Lagt hefur verið fram vottorð utanríkisráðuneytis 23. þ. m., þar sem segir:

„Það vottast hér með, að samningur frá 17. júlí 1905 um einkamálaréttarfarsákvæði (Convention relative a la procédure civile) var hinn 26. október 1979 í gildi milli Íslands og Ítalíu og hefur verið í gildi síðan".